

VÁTRYGGINGAEFTIRLITID

Nefndasvið Alþingis, efnahags- og viðskiptanefnd
b.t. Gunnars Jakobssonar nefndarritara
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 123/467
komudagur 7.12.'98

Reykjavík 07.12.1998

tilvísun: 3510R8D1

Efni: Varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti, 226. mál.

Vísað er til bréfs nefndarinnar dags. 23. nóvember sl. varðandi nefnt frumvarp. Eftirlitið hefur athugað fyrirkomulag frumvarpsins og skal eftirfarandi ábendinga getið.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins munu löggin gilda um starfsemi einstaklinga og lögaðila sem heimild hafa til að veita almenningi þjónustu hér á landi eða erlendis samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og fellur undir einn eða fleiri þeirra tölulíða sem nefndir eru í greininni, 14. tölulíður getur líftryggingarstarfsemi og starfsemi lífeyrissjóða.

Í athugasemdum frumvarpsins er þess getið að ýmsar starfsstéttir t.d. lögmenn kunni að falla undir ákvæði laganna. Taka má undir mikilvægi þess að löggin taki til aðila sem sýnt þykir að megi misnota í þágu peningaþvættis, það kann að eiga við ýmsa aðila sem stunda einhverja þá starfsemi sem nefnd er í 1. – 14. tölulíðu 1. gr. "enda er nægilegt að starfsemi falli undir einn þessara líða til þess að skylt sé að fara eftir ákvæðum laganna".

Með hliðsjón af framanrituðu skal getið starfsemi váttryggingamiðlara. Í slíkri starfsemi felst m.a. að undirbúa samninga um váttryggingu, gerð slíkra samninga og aðstoð við framkvæmd þeirra. Váttryggingamiðlari kann að fá umboð til þess að taka við fjármunum t.d. iðgjaldagreiðslum og tjónagreiðslum. Þegar þetta er ritað hafa 29 starfsleyfi verið gefin út á sviði váttryggingamiðlunar, ýmist til lögaðila og/eða einstaklinga. Hér er um ört vaxandi starfsstétt að ræða. Oftar en ekki hafa leyfishafar lagt áherslu á miðlun persónutrygginga, einkum söfnunarlíftrygginga. Eftirlitið telur að starfsemi váttryggingamiðlara á sviði persónutrygginga (líftrygginga) eigi að geta fallið undir 14. tölulíðu 1. gr. frumvarpsins sbr. "líftryggingarstarfsemi" m.ö.o. að ekki megi skýra hugtakið "líftryggingarstarfsemi" svo þröngt að það feli einungis í sér starfsemi líftryggingafélaga. Ástæða er til að koma í veg fyrir ágreining og taka afstöðu til þessa í athugasemdum frumvarpsins m.ö.o. hvort átt sé við starfsemi líftryggingafélaga eða líftryggingastarfsemi í víðtækri merkingu!

Að lokum skal getið váttryggingafélaga sem starfa á sviði skaðatrygginga. Því má halda fram að einhverjum aðila gæti komið til hugar að misnota skaðatryggingafélag í þágu peningaþvættis t.d. með því að kaupa skipatryggingu, starfsábyrgðartryggingu eða greiðsluváttryggingu eða fjárhagslega váttryggingu. Á þessu stigi getur eftirlitið ekki staðhæft að geta skuli skaðatryggingafélaga í 1. gr. frumvarpsins en það er hér nefnt til umhugsunar. Það er e.t.v. fullnægjandi að skaðatryggingafélög falli undir löggin ef þau taka upp starfsemi í einhverjum tölulíðu 1. gr. frumvarpsins.

Eftirlitið veitir fyllri upplýsingar um framanritað verði þess óskað.

Virðingarfyllst

VÁTRYGGINGAEFTIRLITID



Rúnar Guðmundsson skrifstofustjóri